

		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla			Hlutabréfaeign í lok árs	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	13a	14	15	16
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Nafnverð	Stofnverð (kaupverð)	Nafnverð keypra hlutabréfa	Kaupverð	Breyting á nafnverði	Breyting á kaupverði	Söluverð	Nafnverð seldra hlutabréfa	Stofnverð seldra hlutabréfa	Söluhagnaður/sölutap	Arður	Dagsetn. arðgr.	Staðgreiðsla af arði	Nafnverð	Kaupverð (stofnverð)
A		Almenn hlutabréf														
		Samtals														
B		Sérstök hlutabréf														
		Samtals														
C		Erlend hlutabréf														
		Samtals														

Leiðbeiningar um útfyllingu

Eyðublaðið er þrískipt. Í kafla A skal færa öll hlutabréf í innlendum félögum sem ekki sæta sérstakri skattlagningu. Í kafla B skal færa hlutabréf sem keypt voru á árunum 1990 til 1996 í félögum sem uppfylltu tiltekin skilyrði og ríkisskattstjóri hafði staðfest. Fjárfesting í þessum hlutabréfum gat komið til lækkunar á tekjuskattsstofni. Söluhagnaður þessara bréfa, allt að 367.625 kr. hjá einstaklingi og 735.250 kr. hjá hjónum er skattfrjáls. Í kafla C skal færa erlend hlutabréf.

Hlutabréfaeign í upphafi árs: Í dálkum 3 og 4 skal tilgreina nafnverð og kaupverð/stofnverð bréfa sem framteljandi átti í félaginu í byrjun árs. Sjá töflu á bakhlið fyrir útreikning á kaupverði. **Ef upplýsingar um kaupverð hlutabréfa finnast ekki er dálkur 4 hafður auður og ekki þarf að fylla út töflu á bakhlið.** Vakin er athygli á því að þegar að sölu hlutabréfa kemur mun kaupverðið koma til frádráttar söluverði við útreikning söluhagnaðar.

Ef framteljandi fyllti út eyðublaðið RSK 3.19 í fyrra, þá færast nafnverð og kaupverð úr dálkum 15 og 16 í fyrra í dálka 3 og 4 í ár. Þá þarf ekki að fylla út töflu á bakhlið.

Kaup: Hér skal færa inn nafnverð og kaupverð hlutabréfa sem keypt voru á árinu 2020. Gera skal nánari grein fyrir kaupunum á bakhlið eyðublaðsins, en þar skal gera grein fyrir kennitölu seljanda og kaupdegi. Innborgun hlutfjár við hlutfjárukningu jafngildir kaupum á hlutabréfum og skal því færa innborgunina í þennan kafla. Innborgun hlutfjár við stofnun hlutafélags færast ekki í kaflann „Kaup“, heldur skal færa silka innborgun í kaflann „Breyting“.

Breyting: Hér skal gera grein fyrir öllum hækkunum og lækkunum sem urðu á nafnverði og kaupverði hlutabréfa á árinu af öðrum ástæðum en kaupum og sölu. Í dálk 7 skal færa hækkun eða lækkun á nafnverði og í dálk 8 skal færa hækkun eða lækkun á kaupverði. Nánari grein skal gera fyrir þessu í töflu á bakhlið.

Sala: Hér skal færa inn söluverð og nafnverð hlutabréfa sem seld voru á árinu 2020. Gera skal nánari grein fyrir sölu á bakhlið eyðublaðsins, en þar skal gera grein fyrir kennitölu kaupanda og sölu-degi. Í dálk 11 skal færa kaupverð seldra hlutabréfa. Ef ekki er seld öll hlutabréfaeign í félagi skal færa í dálkinn sama hlutfall af heildarkaupverði hlutabréfa í félaginu og nafnverð hinna seldra hlutabréfa er af heildarnafnverði hlutabréfa í félaginu fyrir sölu. Í dálk 12 skal færa söluhagnað eða sölutap, sem er mismunur á söluverði í dálk 9 og kaupverði seldra hlutabréfa í dálki 11. Tap af sölu hlutabréfa er heimilt að draga frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári.

Arður og staðgreiðsla: Arður sem fenginn var á árinu og staðgreiðslu sem haldið var eftir af honum fara í dálka 13 og 14. Arð og afdreigna staðgreiðslu skal eftir atvikum færa í kafla 3.5 og 3.6 á framtali. Dagsetningu þegar arður var greiddur skal færa í dálk 13a.

Hlutabréfaeign í lok árs: Nafnverð bréfa í eigu framteljanda í árslok er fært í dálk 15 og á það að stemma við fjárhæðir í dálkum 3, 5, 7 og 10, þ.e. nafnverð bréfa í ársbyrjun (3), plús nafnverð keypra bréfa (5), hækkun/lækkun vegna annarra breytinga (7) mínus nafnverð bréfa sem seld voru á árinu (10). Sama gildir um kaupverð/stofnverð sem fært er í dálk 16, það á að stemma við upplýsingar í dálkum 4, 6, 8 og 11.

Nafnverð íslenskra hlutabréfa skv. dálki 15 skal færa í lið 3.5 á framtali, sem eign í árslok. Ef nafnverð erlendra hlutabréfa er þekkt skal færa það í lið 3.6 á framtali, en færa skal kaupverð í lið 3.6 ef nafnverð er ekki þekkt.

Erlend hlutabréf: Ef nafnverð erlendra hlutabréfa er þekkt skal færa það í dálka fyrir nafnverð/fjöldu hluta, annars skal færa fjölda hluta. Ef notað er nafnverð er það fært í dálk 15 og ekkert í dálk 14. Ef nafnverð er ekki þekkt skal færa fjölda hluta í dálk 14 og ekkert í dálk 15. **Aldrei skal því færa bæði í dálka 14 og 15 hjá erlendu félagi.**

Útreikningur á söluhagnaði

Reitur 17 - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir sérstök hlutabréf.

Reitur 18 - Í þennan reit skal færa frítekjumark þessara bréfa sem er 367.625 kr. hjá einstaklingi og 735.250 kr. hjá hjónum. Þó aldrei hærrí fjárhæð en hagnaður í reit 17.

Reitur 19 - Í þennan reit skal færa fjárhæð í reit 17 að frádræginni fjárhæð í reit 18.

Reitur 20 - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir almenn hlutabréf.

Reitur 21 - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir erlend hlutabréf.

Reitur 22 - Í þennan reit skal færa samtölu söluhagnaðar/sölutaps úr reitum 19, 20 og 21.

Útreikningur á söluhagnaði

Söluhagnaður sérstakra hlutabréfa	Frítekjumark	Mismunur á reitum 17 og 18
17	18	19
Almenn hlutabréf hagnaður/tap		20
Erlend hlutabréf hagnaður/tap		21
Söluhagnaður/tap alls		22

Hagnaður af sölu hlutabréfa færast í reit 164, kafla 3.8 á framtali. Sölutap er ekki fært á framtali.

